

Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur

haldinn 22. mars 2018 klukkan 20:00 í Hraunbæ 123

Hrönn Þormóðsdóttir, formaður SSR, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Á fundinum voru þrjár fulltrúar eða fleiri frá hverju skátafélagi í Reykjavík nema einn frá Hamri. Auk þeirra stjórn og gestir. Samtals 22 atkvæði.

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Auðna Ágústsdóttir var kosin fundarstjóri og Valborg Sigrún Jónsdóttir var kosin ritari.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður lagði fram skýrslu stjórnar SSR fyrir liðið starfsár, kynnti innihald hennar og bauð upp á umræður um skýrsluna.

Umræður urðu nokkrar, sérstaklega um Úlfljótsvatnsráð, Minjanefnd SSR og BÍS, útbreiðslu skátastarfs í Reykjavík, fjöldatölur skáta í borginni, húsnæðismál o.fl. Einnig var bent á nokkrar villur sem HP lofaði að leiðrétta fyrir lokaútgáfu skýrslunnar.

Varðandi húsnæðismálin kom fram að byggingaréttur SSR við Hólmgarð 34 hefði verið seldur og gerð makaskipti á hluta eignarinnar. Einnig að Segull sé enn ekki kominn í viðeigandi húsnæði.

3. Endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun

Gjaldkeri, Páll Línberg Sigurðsson, lagði fram endurskoðaðan ársreikning og fjárhagsáætlun til eins árs. PLS kynnti og skýrði reikninginn. Einnig kynnti hann sölusamninginn á byggingaréttinum í Hólmgarði 34. Fram kom að salan á byggingaréttinum veldur verulegu fráviki í samanburði milli ára. Þá eru tekjur frá hátíðarhöldunum 17. júní nú skráðar á SSR en ekki Skátaland eins og verið hefur. Einnig var þess getið að sendibíll Skátalands hafi verið seldur og að finna þurfi annað farartæki fyrir fyrirtækið.

Í umræðum um reikninginn komu fyrirspurnir um aðrar skammtímaskuldir, kostnað við sorplosun, mismun á fasteignagjöldum og styrkjum frá Reykjavíkurborg og kostnað vegna Hafravatns. Einnig var bent á nokkrar stafsetningavillur. PLS svaraði öllum fyrirspurnum.

4. Lagabreytingar

- 4.1. Tillaga **stjórnar** um að breyta í grein 3.1 D. „...annan endurskoðanda félagsins“ í „...annan skoðunarmann félagsins.“
- 4.2. Tillaga **Þórhalls Helgasonar** um að bæta við grein 2.7 eftirfarandi setningu: „Stjórnarmeðlimir SSR skulu ekki sitja í stjórnun skátafélaga í Reykjavík.“
- 4.3. Tillaga **Þórhalls Helgasonar** um að bæta við grein 3.1B eftirfarandi setningu: „Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.“
- 4.4. **Helgi Jónsson** leggur fram breytingu á breytingatillögu stjórnar við grein 3.1 D. „Að þessi málsgrein verði þurrkuð úr lögum SSR.“

5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga, skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlunar

Tillaga skv. 4.4 var **felld**. Já sögðu 6 en nei sögðu 10. 16 atkvæði voru greidd. Já: 6/16=37,5%.

Tillaga skv. 4.1 var **samþykkt**. Já sögðu 13 en nei sögðu 5. 18 atkvæði voru greidd. Já: 13/18=72,3%.

Tillaga skv. 4.2 var **dregin til baka**.

Tillaga skv. 4.3. var **felld**. Já sögðu 7 nei sögðu 14. 21 atkvæði voru greidd. Já: 7/21=33,3%.

Leiðrétt **árskýrsla** var **samþykkt** með 18 samhljóða atkvæðum.

Ársreikningurinn var **samþykktur**. Já sögðu 18, nei sögðu 3 Garðbúar. Einn sat hjá.

Fjárhagsáætlunin var **samþykkt** með 18 samhljóða atkvæðum.

6. Kosning stjórnar samkvæmt grein 2.6 F

Hrönn Þormóðsdóttir, formaður SSR, var kjörin 2017 til tveggja ára. Hún óskaði eftir því að stíga til hliðar. Því þurfti að kjósa formann til eins árs og varaformann til tveggja ára. Tveir einstaklingar gáfu kostna á sér til formanns, Benedikt Þorgilsson og Páll Línberg Sigurðsson, gjaldkeri SSR. Gerðu þeir báðir grein fyrir framboði sínu.

- 6.1. **Benedikt Þorgilsson** var kjörinn **formaður** með 12 atkvæðum á móti 9 atkvæðum Páls.
- 6.2. Ekkert farmboð var til varaformanns, gjaldkera eða ritara. **Kosningu frestað.**
- 6.3. **Tryggvi Bragason** var í framboði til **meðstjórnanda** og var hann kjörinn samhljóða.

7. Kosning skoðunarmanna samkvæmt grein 2.6 G

Tillaga um að skoðunarmenn SSR á næsta fjárhagsári verði **Hanna Guðmundsdóttir** og **Skattur og bókhald**. Samþykkt með 18 samhljóða atkvæðum.

8. Kosning í laganefnd og uppstillingarnefnd samkvæmt grein 2.6 H

- 8.1. **Laganefnd:**
Ylfa Garpsdóttir var kjörin formaður með 17 atkvæðum.
Sigurjón Einarsson var kjörinn með 18 atkvæðum og
Þórhallur Helgason með 17 atkvæðum.
- 8.2. **Uppstillingarnefnd:**
Auðna Ágústsdóttir var kjörin formaður með 21 atkvæði.
Hrönn Þormóðsdóttir var kjörin með 21 atkvæði og
Elmar Orri Gunnarsson með 20 atkvæðum.

9. Kosning Minjanefnd, Úlfljótsvatns- og Hafravatnsráð samkvæmt grein 2.6 I

- 9.1. **Minjanefnd:** **Björn Jón Bragason**, kjörinn samhljóða.
- 9.2. **Úlfljótsvatnsráð:** **Arthur Pétursson**, kjörinn samhljóða.
- 9.3. **Hafravatnsráð:** **Liljar Már Þorbjörnsson**, kjörinn samhljóða.

10. Önnur mál

- 10.1. Úr fráfarandi stjórn þakka **Haukur**, **Hrönn** og **Páll** fyrir sig og samstarfið á liðnum árum.
- 10.2. **Aðalfundur** þakkar þeim fyrir vel unnin störf í þágu skátastarfs.
- 10.3. **Liljar** talar fyrir Hafravatnsráði.
- 10.4. **Benedikt** þakkar stuðning fundarins við kjör sitt sem formanns.
- 10.5. **Benedikt** leggur fram tillögu um að stjórn SSR fái heimild til að senda sölutilboð til BÍS á eignarhluta SSR í Útílfsmiðstöðinni að Úlfljótsvatni á sömu kjörum og SSR fékk frá gjaldkera BÍS þann 17. október 2017. Sjá fylgiskjal.
- 10.6. **Arnlaugur Guðmundsson** leggur fram tillögu um að heimila stjórn að ganga til samninga við BÍS um sölu á eignarhluta SSR í Útílfsmiðstöðinni að Úlfljótsvatni að því gefnu að eðlilegt verð fáiast fyrir húsakost og rekstur. Sjá fylgiskjal.
- 10.7. **Páll** lagði fram minnisblað frá Jóhanni Óskari Haraldssyni um mat á eignum SSR í Útílfsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni og skýrði það. Sjá fylgiskjal.
- 10.8. **Baldur Árnason** gerir grein fyrir samtali við endurskoðanda vegna sama máls.
- 10.9. **Sigurgeir Bjartur Þórisson** gerir athugasemdir við að þessi dagskráliður sé ekki sérstakur dagskrárlíður.
- 10.10. **Sunna Líf Þórarinsdóttir** leggur til að fresta aðalfundi og það verði framhaldsumræðu um sölu.
- 10.11. **Pröstur Ríkharðsson** segir sig úr Úlfljótsvatnsráð og er ósáttur við tillögu Benedikts.

- 10.12. **Sædís Helgadóttir** óskar eftir að halda fundinum áfram að þessu undanskildu. **Samþykkt.**
- 10.13. **Sædís** hvetur til þátttöku á Vetraskátamóti að ári 2019, og bað menn um að taka frá síðustu helgina í janúar.
- 10.14. **Helgi** vill skerpa á hlutverki SSR gagnvart eignarhaldi skáttafélaganna.
- 10.15. **Marta Magnúsdóttir** skátahöfðingi þakkar fyrir sig og ætlaði að veita Hrönn Þormóðsdóttur og Hauki Haraldssyni heiðursmerki BÍS, Þórshamarinn úr gulli, en það kom í ljós að þau höfðu bæði fengið hann nú þegar.
- 10.16. **Arnlaugur** heldur smá þakkartölu um þau tvö sem Landnema og skáta almennt.
- 10.17. **Sunna** leggur fram dagskrábreytingartillögu um að fresta aðalfundi til 4. apríl klukkan 19:00. **Samþykkt** samhljóða.
Dagskrá framhaldsaðalfundar:
Kosning stjórnar (varaformaður, gjaldkeri og ritari)
Önnur mál

Fundi frestað kl. 23:56 til 4. apríl 2019.

Framhaldsaðalfundur SSR 4. apríl 2018 kl. 19:00

Auðna Ágústsdóttir setur fundinn kl. 19:13 og kynnir dagskrá fundarins. Á fundinum voru þrír fulltrúar frá Segli, Skjöldungum og Ægisbúum, tveir fulltrúar frá Árbúum, Landnemunum og Garðbúum, einn fulltrúi frá Haförnum og enginn frá Hamri. Auk þess stjórn og gestir, samtals 16 atkvæði.

11. Kosning stjórnar samkvæmt grein 2.6 F

Fram komu tvær tillögur um varaformann: Brynja Guðjónsdóttir og Jón Ingvar Bragason. Gerðu þau bæði grein fyrir framboði sínu. Eitt framboð kom í starf ritara, gjaldkera og meðstjórnanda.

- 11.1. **Varaformaður: Brynja Guðjónsdóttir** var kjörin varaformaður með 12 atkvæðum gegn 4 atkvæðum Jóns Ingvars.
- 11.2. **Gjaldkeri: Baldur Árnason**, meðstjórnandi, var samhljóða kjörinn. Þar með vantaði einn meðstjórnanda.
- 11.3. **Ritari: Auður Sesselja Gylfadóttir** var samhljóða kjörin.
- 11.4. **Meðstjórnandi: Sigurbjörg Sæmundsdóttir** var samhljóða kjörin.

Einn fulltrúi Garðbúa bættist inn á fundinn kl. 19:30. Samtals 17 atkvæði.

12. Önnur mál, frh.

- 12.1. **Benedikt** endurflytur tillögu 1 vegna Úlfljótsvatns frá síðasta fundi.
- 12.2. **Arnlaugur** endurflytur tillögu 2 vegna Úlfljótsvatns frá síðasta fundi.
- 12.3. **Baldur** kynnir helstu atriði sem tilheyra þessu máli. Rekur söguna í stórum dráttum frá aðalfundi 2017. Verðmat og fleira varðandi aðdraganda málsins og minnipunkta frá Jóhanni Óskari Haraldssyni, Magnúsi Leopoldssyni og Sigurþór Charles Guðmundssyni.
- 12.4. Nokkrar umræður urðu um þessar tillögur og tóku margir til til máls. Fundarstjóri mat hvor tillagan gengi lengra og var það tillaga 1. Var sú tillaga þá borin upp og **samþykkt** með 7 atkvæðum á móti 6 en 4 sáu hjá.

Hér var gert kaffihlé, kl. 20:57.

- 12.5. **Helgi Jónsson**: Tillaga um samning á milli SSR og skátafélaganna um húsnæði skátafélaganna, sjá fylgiskjal.
Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Þá kom fram breytingatillaga frá Ylfu þess efnis að í stað „...samning á milli SSR og skátafélaganna...“ komi „...Skátafélögin í Reykjavík og SSR...“
Ylfa lagði síðan fram eftirfarandi tillögu: „Skátafélögin skipi hvert einn fulltrúa í starfshóp sem hefur það verkefni að endurskoða lög og reglur SSR varðandi samstarfssamninga um skátaheimili í Reykjavík. Niðurstaða vinnunnar verði lögð fyrir aðalafund SSR til samþykktar eða synjunar.“
Fundarstjóri bar þessa tillögu Ylfu upp og var hún **samþykkt** með 13 atkvæðum gegn 3.

- 12.6. **Helgi Jónsson:** Tillaga um afmælistótt SSR.
„Ég legg til að SSR haldi alþjóðlegt afmælistótt 3-7 júlí 2019 á Úlfljótsvatni að tilefni 50 ára afmælis SSR eins og það er í dag. Mótið verði tilkynnt á komandi skátapiingi.“
Stuttar umræður urðu um þessa tillögu.
Fundarstjóri bar tillögu Helga upp og var hún **samþykkt** með 14 samhljóða atkvæðum.
- 12.7. **Helgi Jónsson:** Tillaga um Hafravatn.
„Ég legg til að Hafravatnsráð ásamt gjaldkera SSR verði í falið að gera langtíma samning við Mosverja um notkun og uppbyggingu á Hafravatni.“
Eins að gengið sé í að tryggja afnotarétt skáta af landinu gagnvart eiganda þess ríkis.
Keyptur verði salernisgámur og settur niður á grunn fyrir salernishús. Tvö skýli ásamt undirstöðum verði keypt í Costco og sett niður á grunninn fyrir skýlið. Þannig sé hægt að nýta svæðið fyrir útilífsskólana og skátafélögin til að fara í tjaldútilegur. Ef kemur að því að við þurfum að yfirgefa svæðið þá geta þessir hlutir nýst skátum annarstaðar.
Stuttar umræður urðu um þessa tillögu.
Fundarstjóri bar þessa tillögu Helga upp og var hún **samþykkt** með 8 atkvæðum gegn 5.
- 12.8. **Helgi Jónsson:** Tillaga um nýtingu hagnaðar World Scout Moot 2017.
„Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur haldinn þann 4. apríl 2018 leggur til að hluti af hagnaði sem myndaðist vegna World Scout Moot 2017 verði notaður til að greiða upp lán sem hvílir á Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni vegna uppbyggingar til stórmótahalds.“
Stuttar umræður urðu um þessa tillögu.
Helgi dró tillögunu tilbaka.
- 12.9. **Hrönn** vakti máls því að hún sé ósátt vegna ummæla Helga varðandi „gjörning“ SSR í sambandi við skátaheimili Garðbúa við Hólmgarð 34.
Fundarstjóri stöðvar umræðuna þar sem þetta er ekki til umræðu á aðalfundi.
- 12.10. **Haukur** óskar nýrri stjórn velfarnaðar og til hamingju.
- 12.11. **Marta** veitir **Hauki** þjónustumerki BÍS úr gulli og **Hrönn** skátakveðjuna úr bronsi.
- 12.12. **Sigurgeir** flytur smátölu um sínar fyrirmyndir, Hrönn og Hauk.
- 12.13. **Hrönn** bendir á mikilvægi Uppstillinganefndar og að hún þurfi að hefja störf fyrir en síðast.
- 12.14. **Jón Andri** minnir á samstarf varðandi 17. júní.

Fleira ekki gert. **Auðna** þakkar fyrir og slítur fundi kl. 21:54.

Fundinn ritaði Valborg Sigrún Jónsdóttir

Endurritun: Arnlaugur Guðmundsson